

Síðustu daga hefur mikið verið fjallað um kynferðisofbeldi af hálfu leikmanna íslenska karlalandsliðsins í fótbolta á samfélagsmiðlum. Mikil umræða hefur verið um viðbrögð KSÍ, hvernig forystan hefur brugðist þolendum kynferðisofbeldis.

Í alltof mörg ár höfum við strákar, viðhaft lélega klefamenningu, ef menningu er hægt að kalla. Sú þöggun sem hefur fengið að gerjast innan veggja knattspyrnusambandsins er engum til góðs, við eigum alltaf að segja frá.

Einn lítill “brandari,” er upphaf að gerendameðvirkni. Það að hlæja að rasískum bröndurum, hommabröndurum eða ljóskubrandörum er gerendameðvirki. Að taka undir með „dúddanum“ sem telur sig ráða búningsklefanum er gerendameðvirkni.

En hvers vegna erum við strákar, að hlæja eða segja svona brandara? Við hvað erum við hræddir?

Ég heyrði landsliðspjálfa karlalandsliðsins í fótbolta segja í fréttum í gær að strákarnir væru hræddir við að tjá sig um kynferðisofbeldi af ótta við að segja eitthvað rangt.

Ég segi strákar, verum hluti af lausninni en ekki vandamálinu. Það er ekkert að óttast, ef við högum okkur vel, virðum mörk og sýnum öðrum virðingu þá mun öllum líða vel.

Fokk ofbeldi.